

Frá Ólafi K. Ólafs, framkvæmdastjóra LSB

Sæl

**Varðar breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2021, 5. mál, lagafrumvarp, 15. gr. um eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins (FME), 151. löggjafarþing 2020–2021.**

Þessi póstur er ætlaður til upplýsingar fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Í framhaldi af fundi með nefndinni 9. nóvember 2020:

- Ítarefni.
- Vakin er athygli á röngum staðhæfingum og tölulegum rangfærslum í umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) vegna 15. gr., Dbnr. 307 4.11.2020.
- Neðst í póstinum eru fylgigögn: Umsögn ellefu lífeyrissjóða og umsögn LSR.

*Undirritaður er reiðubúinn að veita frekari upplýsingar.*

*Virðingarfyllst,*

*Ólafur K. Ólafs, s. 893 0354.*

**Efni:**

- 1. Þskj. 275 – 266. mál 2006 og um óréttláta mismunun við skiptingu eftirlitsgjalds FME.**
- 2. Rangar staðhæfingar og tölulegar rangfærslur í umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (Dbnr. 307) til nefndasviðs Alþingis, 5. mál 2021, 4.11.2020.**

**1. Þskj. 275 – 266. mál 2006 og um óréttláta mismunun við skiptingu eftirlitsgjalds FME.**

Á fundi með nefndinni 9. nóvember 2020 vísaði undirritaður til: **Þskj. 275 — 266.**

**mál.** Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi **2006–2007.**):

*„Breytingar eru einnig gerðar á fastagjöldum lífeyrissjóða en þau varða innbyrðis skiptingu álagðs eftirlitsgjalds milli lífeyrissjóðanna, og byggjast á tillögum Landssamtaka lífeyrissjóða og óskum samtakanna um að þáttur fastagjaldanna í heildarlagningu á lífeyrissjóði nemi hverju sinni um 60% af heildarlagningunni á lífeyrissjóðina.“*

**Eftirlitsgjald FME er skattlagning í ríkissjóð** og gjaldtaka af þeim toga sem hér um ræðir er því ekkert annað en eitt form af skattheimtu. Þar, eins og endranær, þarf að huga að **grundvallarreglum** sem gilda á þeim vettvangi, s.s. um skýra og ótvíræða heimild, en þó **umfram allt jafnræði, sem löggjafinn hefur ekki gætt eins og málið liggur nú fyrir.**

- Gjaldtaka af lífeyrissjóðunum á formi eftirlitsgjalds er **skattheimta** á borð við bankaskatt og þarf því að **samræmast jafnræðisreglu og öðrum áskilnaði laga og stjórnarskrár um álagningu og jöfnun opinberra gjalda.** Breyta þarf álagningunni þannig að henni verði réttilega skipt milli sjóðanna að teknu tilliti til mismunandi stærðar þeirra.
- **Verulegs ójafnræðis gætir** með hvaða hætti eftirlitsgjald FME hefur verið lagt á ef horft er til stærðarmunar sjóða. Skattlagningunni hefur verið hagað þannig að 60% gjaldsins hefur verið skipt jafnt á sjóðina, en 40 prósentum verið jafnað að tiltölu.
- Sem einfalt dæmi um mismununina má nefna að ef eftirlitsgjaldið yrði samkvæmt frumvarpinu þyrfti minnsti lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður tannlæknafélags Íslands, að greiða 3,2 m.kr. á næsta ári á meðan Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) mundi greiða 37,5 m.kr. Það þýðir að LSR er einungis að borga **tólfalt** eftirlitsgjald á móti Lífeyrissjóði tannlæknafélags Íslands, þó stærð LSR (hrein eign) sé u.þ.b. **eitt hundrað fjörutíu og áttföld** miðað við stærð Lífeyrissjóðs tannlæknafélags Íslands. **Sjóðfélagar í minnsta lífeyrissjóðnum þurfa því að greiða tólf sinnum hærra gjald en sjóðfélagar í stærsta sjóðnum að óbreyttu frumvarpi !** Slíkt getur ekki talist samræmast jafnræðisreglu um álagningu og jöfnun opinberra gjalda.
- Eftirlitsgjaldið er skattlagning sem greiðist í ríkissjóð, en þetta fyrirkomulag þýðir að **löggjafinn hefur á undangengnum árum velt mörg hundruð milljóna króna** kostnaði af sjóðfélögum stærstu lífeyrissjóðanna **yfir á þá sjóðfélaga, sem eiga réttindi í minni og meðalstórum lífeyrissjóðum.** Slíkt getur ekki talist samræmast jafnræðisreglu.
- Fyrirhuguð gjaldtaka á lífeyrissjóðina fyrir næsta ár samkvæmt frumvarpinu mundi leiða til þess að **16 lífeyrissjóðir af 21, sem fara með þriðjungshlut hreinnar eignar lífeyrissjóðanna, mundu greiða 75 m.kr. umfram hlutdeild sína í hreinni eign lífeyrissjóðanna.** Ef horft er til næstu 20 ára þýðir það **einn og hálfan milljarð króna** sem fimm stærstu lífeyrissjóðir landsins myndu velta yfir á hina minni að óbreyttu.

- Í umsögn ellefu lífeyrissjóða er lagt til að innheimta gjaldsins **verði eins hjá öllum eftirlitsskyldum aðilum, þ.m.t. lífeyrissjóðum, þannig að gjaldið verði alfarið innheimt sem hlutfall af eign.**
- Lagt er til að 9. tl. 5. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi verði breytt þannig að **eftirlitsgjaldinu verði skipt með sama hætti og hjá öðrum eftirlitsskyldum aðilum, s.s. viðskiptabönkum og sparissjóðum sbr. 1. tl. 5. gr. laganna, þannig að gjaldinu verði einungis jafnað á grunni hreinnar eignar sjóðanna,** með lágmarksgjaldi þó, og að skipting í fast gjald og breytilegt verði felld niður.
- Ákvæðið í 9. tl. 5. gr. yrði þá mun einfaldara og réttlátara og mundi þá hljóða svo fyrir árið 2021:

**"Lífeyrissjóðir skulu greiða 0,0066% af hreinni eign til greiðslu lífeyris, þó eigi lægri fjárhæð en 1.200.000 kr."**

## **2. Rangar staðhæfingar og tölulegar rangfærslur í umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (Dbnr 307) til nefndasviðs Alþingis, 5. mál, 4.11.2020.**

Í innsendri umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) um álagt eftirlitsgjald FME leitast LSR við að reyna að styðja við áframhaldandi ójafnræði milli sjóðfélaga í lífeyrissjóðunum með hvaða hætti eftirlitsgjaldið hefur verið álagt. *Athygli vekja rangar staðhæfingar og tölulegar rangfærslur í umsögninni, sem rétt er að benda á.*

*Fram kemur í umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR):*

*„Eftirlitsgjald lífeyrissjóða hefur hækkað úr 305 milljónum kr. fyrir árið 2017 í 331 milljón kr. fyrir árið 2020. Hækkunin á þessum þremur árum nemur 8,5%. Á sama tíma hefur sá hluti af gjaldinu sem LSR greiðir hækkað um 36,1%“.*

**Töluleg rangfærsla: Hækkunin sem varð hjá LSR 2017-2020 var aðeins 5,6%, ekki 36,1% eins og LSR heldur fram í umsögn sinni!**

*Skýring:* Í útreikningi LSR er ekki tekið tillit til eftirlitsgjalds Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) 2017 í nefnara (í teljara er hins vegar gjaldið fyrir LSR+LH tekið sameiginlega). LH sameinaðist LSR 2018. Hækkunin hjá LSR (5,6%) var því í reynd minni en hún var að meðaltali (8,5%) hjá lífeyrissjóðunum 2017-2020!

Þetta ætti ekki að koma á óvart þar sem við sameiningu sjóðanna LSR og LH féll niður 8,1 m.kr. fastagjald minni sjóðsins (LH) í eftirlitsgjaldinu, og í sameiginlegum sjóði LSR+LH reiknast hlutur LH í eftirlitsgjaldinu eingöngu sem hlutfall af hreinni eign þess sjóðs.

Í töflu með umsögn LSR er því haldið fram að hækkun álagðs eftirlitsgjalds hjá LSR **2017-2021** að óbreyttu frumvarpi **yrði 18,2%**.

**Töluleg rangfærsla: Að óbreyttu frumvarpi mundi eftirlitsgjald hjá LSR lækka um 8,2% 2017-2021, ekki hækka um 18,2% eins og LSR heldur fram í umsögn sinni! Sjá skýringu hér að ofan.**

Á sama tíma mundi eftirlitsgjald hjá Lífeyrissjóði Rangæinga hækka um **97,6%** !

Breytingar 2017-2021 að óbreyttu frumvarpi:

**LSR -8,2%**. LIVE 6,0%. Gildi 5,6%. Birta 5,0%. **Aðrir sjóðir (nr. 5-21) 8,7 til 97,6%**.

Skipting álagðs eftirlitsgjalds yrði því **enn óréttlátari en verið hefur að óbreyttu frumvarpi**.

**Löggjafinn þarf að tryggja jafnræði sjóðfélaga í lífeyrissjóðum við álagningu eftirlitsgjalds FME hjá lífeyrissjóðunum þannig að gjaldinu verði einungis jafnað á grunni hreinnar eignar sjóðanna. Þannig yrði eftirlitsgjaldinu skipt með sama hætti og hjá öðrum eftirlitsskyldum aðilum.**

Lagt er því að efnahags- og viðskiptanefnd að ákvæðið fyrir lífeyrissjóði í 9. tl. 5. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi fyrir árið 2021 verði:

**"Lífeyrissjóðir skulu greiða 0,0066% af hreinni eign til greiðslu lífeyris, þó eigi lægri fjárhæð en 1.200.000 kr."**

Virðingarfyllt,  
Ólafur K Ólafs, framkvæmdastjóri LSB